



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Atvinnu og ferðamálanefnd

Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar

Þriðjudaginn 21. ágúst 2018, var fundur haldinn í atvinnu og ferðamálanefnd Skagastrandar kl. 17:00 á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Jón Ólafur Sigurjónsson, Birna Sveinsdóttir, Árni Max Haraldsson, Eygló Kristín Gunnarsdóttir, Áslaug Ottósdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kosning ritara

Tillaga um að Birna Sveinsdóttir verði ritari nefndarinnar var samþykkt.

2. Erindi Jóns Hauks Daníelssonar og Ernu L. Kjartansdóttur


Fyrir fundinum lá erindi Jóns H. Daníelssonar og Ernu L. Kjartansdóttur sem sækja um styrk til að framkvæma hugmynd um verkefni til að styrkja ferðaþjónustu á Skagaströnd. Erindið var til umfjöllunar sveitarstjórnar 15. mars sl. og var síðan vísað til atvinnuámalanefndar. Með erindinu er farið fram á styrk til að koma upp heimasíðu fyrir ferðaþjónustu á Skagaströnd. Í bréfinu kemur fram í hverju hugmyndir eru fólgnar og gerð kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.

Nefndarmenn ræddu erindið og hagsmuni sem kunna að vera fólgnir í að koma upp sameiginlegri heimasíðu fyrir ferðaþjónustuaðila á Skagaströnd. Niðurstaða umræðunnar var að það væri áhugaverð tilraun og samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að verkefnið verði styrkt um 250 þús. til að gera frumgerð að ferðaþjónustusíðu og áætlun um rekstur hennar. Greiðslan verði innt af hendi þegar frumgerð liggur fyrir en lagt mat á hvort þörf sé frekari styrkveitinga frá sveitarfélaginu þegar ferðaþjónustuaðilar hafa tekið ákvarðanir um þáttöku og sameiginlegt rekstrarform á heimasíðunni.

4. Önnur mál

Ekki voru tekin mál fyrir undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.40


Jón Ólafur Sigurjónsson,


Birna Sveinsdóttir,



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Atvinnu og ferðamálanefnd

Árni Max Haraldsson

Árni Max Haraldsson,

Eygló K. Gunnarsdóttir

Eygló Kristín Gunnarsdóttir,

Áslaug Ottósdóttir

Áslaug Ottósdóttir